

Meðaltöl eftir sveitafélögum  
á samræmdum könnunarprófum  
í 4., 7. og 10. bekk 2011



Nú eru birtar niðurstöður um meðaltöl einstakra sveitarfélaga á samræmdum könnunarprófum í 4. 7. og 10. bekk. (pdf skjal) Einungis eru birtar niðurstöður þegar 11 eða fleiri nemendur eru á bak við meðaltöl. Ef nemendur eru færri er sveitarfélagi sleppt úr viðkomandi töflu.

Niðurstöðurnar eru, eins og ávallt, birtar á normaldreifða einkunnastiganum sem Námsmatsstofnun hefur notað síðan 2004, kvarði sem kallaður er grunnskólaeinkunn.

Eitt af hlutverkum samræmdra prófa er að gefa skólum kost á samanburði á stöðu sinni milli ára. Ýmsar aðferðir eru notaðar til að gera niðurstöður prófa samanburðarhæfar. En, til að rifja upp ástæður þess að niðurstöður prófa eru almennt ekki samanburðarhæfar eru þær að eiginleikar prófatriðanna eða spurninganna á hverju prófi fyrir sig eru ólíkir. Þetta veldur því að beita þarf sérstökum aðferðum til að gera niðurstöður tveggja prófa sem samin eru í sama tilgangi sambærilegar. Við gerð samræmdra prófa er stuðst við forprófanir til að gera þyngd og aðgreiningareiginleikum prófanna eins svipaða og unnt er frá einu ári til annars. Með þessu móti hefur alla jafna tekist að gera prófin mjög svipuð frá einu ári til annars, en engu að síður er ávallt einhver munur á þyngd prófanna og dreifingu einkunna.

Nokkrar leiðir eru færar til að gera niðurstöður prófa sambærilegar milli tímapakta eða milli mælinga á ólíkum færnisviðum. Ein leið er að halda prófatriðum leyndum og nota sama próf oftár en einu sinni. Önnur leið er að leggja nýtt próf fyrir hluta próftaka og beita próffræðilegum aðferðum til að finna tengsl sem gera niðurstöðu nýja prófsins jafngildar niðurstöðum eldra prófs. Þessi leið krefst þess í raun að prófatriðum sé haldið leyndum og prófatriði einungis birt þegar hætt er að nota hverja prófútgáfu fyrir sig. Þessi leið er ekki fær héraðs sökkum fámennis, nefna má dæmi um að nýjar útgáfur ACT prófsins eru lagðar fyrir úrtak u.b.þ. 5000 próftaka.

Önnur leið er að nota tengipróf sem lagt er fyrir samhliða öðrum prófum til að tengja einkunnir á nýja prófinu við einkunnir á eldra prófinu. Slíkar aðferðir voru notaðar á samræmdu stúdentsprófunum. Enn ein leið er að varpa stigatölum á prófi á einkunnakvarða með þekkta eiginleika. Algengast er að nota annaðhvort normaldreifingu eða jafna dreifing sem grunn fyrir slíkar einkunnir. Jöfn dreifing hentar vel til að skoða niðurstöður einstaklinga en normaldreifing hentar betur til að vinna með niðurstöður hópa. Þessar einkunnir hafa þann kost að vera stöðugar milli ára og sambærilegar milli prófa.

Raðeinkunnir fylgja jafnri dreifingu og er birt með niðurstöðum samræmdra prófa til að túlka niðurstöður einstaklinga. Þær eru náskildar prósentum.

Grunnskólaeinkunn fylgir normaldreifingu og hefur hún meðaltal 30 og staðalfrávik 10. Þetta þýðir að á landsvísu er meðaltal í hverri námsgrein ávallt 30. Þegar horft er á meðaltal sveitarfélags má meta það út frá landsviðmiðinu 30 hvernig nemendur þar hafa staðið sig miðað við alla nemendur á landinu. Þetta á einnig við um meðaltöl landshluta eða skóla. Staðalfrávik segir til um dreifingu nemenda innan hvers hóps. Ef staðalfrávik skóla eða sveitarfélags er hærra en gerist á landsvísu er dreifing nemenda þar meiri en almennt gerist, til dæmis að algengara sé að nemendur séu mjög háir eða lágir eða að einhverjir nemendur skeri sig frá í hóp sem almennt er sterkur eða slakur námslega. Ef hinsvegar staðalfrávik er lágt er minni dreifing í hópnum en gengur og gerist. Til dæmis að hvorki séu sterkir eða slakir námsmenn í hópnum.

**Meðaltöl eftir sveitarfélögum á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk, 2011**

	Íslenska		Stærðfræði		Fjöldi
	M	Sf	M	Sf	
Akraneskaupstaður	31,8	8,8	34,5	9,6	72
Akureyrarkaupstaður	30,6	10,5	29,4	9,1	226
Bolungarvíkurkaupstaður	27,5	8,8	28,6	6,5	11
Borgarbyggð	29,3	8,1	28,7	7,9	32
Dalvíkurbyggð	30,0	9,3	24,7	10,2	23
Eyjafjarðarsveit	30,1	9,4	32,3	11,1	19
Fjallabyggð	30,8	7,0	32,9	7,0	19
Fjarðabyggð	28,1	8,3	30,6	8,0	52
Fljótshérað	33,7	9,7	29,6	9,0	36
Garðabær	31,8	9,0	33,4	8,7	160
Grindavíkurbær	27,5	10,4	25,1	9,9	38
Hafnarfjarðarkaupstaður	29,9	10,0	29,5	9,6	320
Húnaþing vestra	28,1	9,7	29,3	10,8	15
Hveragerðisbær	32,2	9,6	30,0	8,4	25
Ísafjarðarbær	29,6	12,1	27,7	11,2	55
Kópavogsbær	30,8	9,8	31,4	9,5	358
Mosfellsbær	27,5	8,8	26,7	8,7	150
Norðurþing	33,6	9,7	35,0	7,7	32
Rangárþing eystra	28,2	14,5	23,5	9,2	19
Rangárþing ytra	28,7	11,0	29,4	9,0	20
Reykjanesbær	28,8	9,7	32,6	9,4	190
Reykjavíkurborg	30,4	10,2	29,7	9,9	1237
Sandgerðisbær	23,6	8,3	26,3	8,3	18
Seltjarnarnes	30,0	11,5	27,0	10,2	40
Snæfellsbær	28,9	10,7	29,8	9,4	18
Stykkishólmsbær	23,2	6,7	25,1	8,7	17
Sveitarfélagið Álftanes	27,3	9,2	29,1	9,4	38
Sveitarfélagið Árborg	29,9	8,8	30,6	10,7	100
Sveitarfélagið Garður	26,4	7,6	24,4	8,2	15
Sveitarfélagið Hornafjörður	27,0	12,3	29,7	9,2	31
Sveitarfélagið Skagafjörður	31,0	9,0	33,7	7,5	61
Sveitarfélagið Vogar	32,8	11,9	33,1	7,8	14
Sveitarfélagið Ölfus	28,6	10,4	33,9	6,6	21
Vestmannaeyjabær	31,2	7,7	29,8	7,7	48
Vesturbyggð	24,2	12,4	26,0	8,7	11

*M=meðaltal; sf= staðalfrávik; fjöldi er hæsti fjöldi í einu prófi.*

**Meðaltöl eftir sveitarfélögum á samræmdum könnunarprófum í 7. bekk, 2011**

	Íslenska		Stærðfræði		Fjöldi
	M	Sf	M	Sf	
Akraneskaupstaður	29,1	10,3	31,6	10,9	101
Akureyrarkaupstaður	30,5	10,1	29,2	10,4	235
Bláskógabyggð	33,8	8,1	27,9	9,8	11
Blönduósibær	28,8	11,6	29,4	8,4	11
Bolungarvíkurkaupstaður	27,3	6,7	27,4	7,8	11
Borgarbyggð	27,3	11,1	24,8	11,5	53
Dalabyggð	26,1	11,7	27,4	10,5	14
Dalvíkurbyggð	30,0	8,5	28,7	8,0	34
Eyjafjarðarsveit	34,9	8,0	31,8	8,8	20
Fjallabyggð	25,9	8,0	27,6	10,3	24
Fjarðabyggð	29,3	8,4	27,4	10,6	58
Fljótsdalshérað	31,1	9,6	29,4	8,0	46
Garðabær	32,8	9,4	34,2	10,0	139
Grindavíkurbær	27,7	9,0	31,2	8,8	52
Hafnarfjarðarkaupstaður	29,4	9,4	29,2	9,0	332
Hrunamannahreppur	27,3	10,6	27,4	9,7	14
Húnavatnshreppur	32,4	8,9	29,6	6,6	11
Húnaþing vestra	31,8	8,2	29,2	5,7	20
Hveragerðisbær	31,4	10,1	29,1	8,7	26
Ísafjarðarbær	28,7	10,8	26,4	9,1	44
Kópavogsbær	31,3	9,7	31,6	9,6	395
Mosfellsbær	31,4	9,3	31,7	8,8	128
Norðurþing	29,3	9,4	26,4	10,1	35
Rangárþing eystra	30,7	10,9	28,1	9,2	24
Rangárþing ytra	31,6	9,7	30,5	11,7	23
Reykjanesbær	27,2	10,2	30,5	10,5	176
Reykjavíkurborg	30,8	10,4	30,9	10,0	1222
Sandgerðisbær	26,6	6,0	27,1	9,0	21
Seltjarnarnes	32,2	8,5	32,3	8,6	59
Snæfellsbær	29,0	8,9	29,6	6,8	17
Stykkishólmsbær	25,4	7,6	25,3	8,7	16
Sveitarfélagið Álftanes	27,5	9,9	25,6	11,5	41
Sveitarfélagið Árborg	26,4	10,6	26,6	10,3	94
Sveitarfélagið Garður	22,1	10,2	20,3	11,2	24
Sveitarfélagið Hornafjörður	26,9	7,9	25,2	10,0	30
Sveitarfélagið Skagafjörður	30,4	10,2	28,7	8,2	75
Sveitarfélagið Vogar	25,4	9,0	26,6	7,3	19
Sveitarfélagið Ölfus	31,9	7,3	36,0	6,2	25
Vestmannaeyjabær	29,4	8,2	30,7	9,5	69
Þingeyjarsveit	29,6	9,6	28,7	8,3	13

*M=meðaltal; sf= staðalfrávik; fjöldi er hæsti fjöldi í einu prófi.*

**Meðaltöl eftir sveitarfélögum á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk, 2011**

	Íslenska		Stærðfræði		Enska		Fjöldi
	M	Sf	M	Sf	M	Sf	
Akraneskaupstaður	30,6	7,7	30,9	9,4	29,6	8,5	89
Akureyrarkaupstaður	28,6	9,4	29,2	9,6	28,6	10,2	228
Bláskógabyggð	36,0	10,4	34,9	9,6	29,3	9,8	22
Bolungarvíkurkaupstaður	26,7	10,7	25,5	5,9	27,3	10,8	14
Borgarbyggð	33,9	9,2	30,0	9,5	31,7	8,5	53
Dalabyggð	23,2	9,4	21,7	10,7	16,8	12,1	15
Dalvíkurbyggð	26,0	11,0	28,1	11,4	24,6	11,0	33
Eyjafjarðarsveit	28,4	9,6	25,4	8,5	23,9	10,5	21
Fjallabyggð	27,5	10,7	25,6	9,1	28,1	8,9	42
Fjarðabyggð	26,3	8,4	23,6	8,8	27,9	9,1	70
Fljótsdalshérað	30,4	9,8	28,6	9,7	30,1	9,6	54
Flóahreppur	38,6	8,2	36,0	5,7	31,7	13,6	12
Garðabær	30,7	11,3	32,6	10,4	33,0	9,5	155
Grindavíkurbær	29,4	8,2	30,8	8,3	30,4	9,1	37
Grundarfjarðarbær	30,3	8,9	29,4	9,4	33,2	6,1	11
Hafnarfjarðarkaupstaður	29,6	9,1	30,0	9,0	30,2	9,1	328
Hrunamannahreppur	31,2	7,8	30,9	9,7	28,9	10,3	29
Húnaþing vestra	29,9	7,9	26,1	7,9	25,4	7,6	18
Hveragerðisbær	28,7	8,5	25,5	7,8	29,1	8,3	43
Ísafjarðarbær	25,4	9,4	26,1	9,9	26,0	10,2	63
Kópavogsbær	31,1	9,6	32,1	9,7	31,1	9,3	387
Mosfellsbær	32,1	10,4	32,1	10,2	32,9	9,2	138
Norðurþing	28,5	8,8	28,1	8,5	26,3	9,3	44
Rangárþing eystra	29,8	9,7	31,5	9,6	26,3	7,4	28
Rangárþing ytra	30,2	9,8	27,9	8,1	26,6	7,9	29
Reykjanesbær	27,8	10,6	27,4	9,6	28,9	10,6	184
Reykjavíkurborg	30,9	10,3	31,0	10,2	31,3	10,1	1334
Sandgerðisbær	22,7	6,7	23,1	5,7	22,7	9,1	21
Seltjarnarnes	32,4	9,4	35,1	9,4	32,1	10,1	76
Snæfellsbær	31,5	8,3	31,1	10,6	31,9	7,1	22
Sveitarfélagið Álftanes	30,0	8,6	29,0	9,4	33,0	9,8	37
Sveitarfélagið Árborg	28,1	10,5	27,2	9,3	27,4	10,2	105
Sveitarfélagið Garður	23,5	8,4	23,8	8,4	25,1	7,9	20
Sveitarfélagið Hornafjörður	25,3	8,3	26,6	8,9	25,5	10,4	23
Sveitarfélagið Skagafjörður	30,0	9,8	29,8	9,5	26,6	9,7	60
Sveitarfélagið Skagaströnd	28,3	12,9	32,3	14,9	29,8	15,1	14
Sveitarfélagið Vogar	27,7	10,5	27,4	10,4	26,9	9,8	19
Sveitarfélagið Ölfus	34,9	11,2	34,9	9,0	36,5	9,3	17
Vestmannaeyjabær	26,0	8,7	27,1	10,2	25,1	9,9	66
Þingeyjarsveit	35,7	9,4	30,5	10,6	30,8	12,9	12

*M=meðaltal; sf= staðalfrávik; fjöldi er hæsti fjöldi í einu prófi.*

